

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu vegagerðarinnar sem varða Norðfjarðarveg um Norðfjarðargöng.

Hjálagt með þessum athugasemdum er bréf er sent var skipulagsnefnd Fjarðabyggðar 9.nóv.s.l. eftir auglýsingu um aðalskipulag Fjarðabyggðar. Undirritaðir endurtaka það sem þar er sagt að ekkert samráð hefur verið haft við okkur eigendur að stórum hluta þess lands sunnan Norðfjarðarár sem Fjarðabyggð mælir með að vegur þessi verði lagður um.

Í svarbréfi er öðrum okkar barst nú í janúar og staðfest er af bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18.des. s.l. er minnst á viðtækt samráð af hálfu Fjarðabyggðar Og þá við hverja? Og eftir samtal sem annar okkar átti við starfsmann hjá vegagerðinni, er helst að álykta að bæjarstjórn Fjarðabyggðar og nefndir þeirra hafi haft viðtækt samráð við sjálfa sig og komist að þeirri niðurstöðu að þeir vildu ekkert með þennan veg hafa á sitt land. (Eiga stærstan hlut norðan ár) Og fundist sjálfsagt að mæla með honum á annarra land án samráðs við viðkomandi landeigendur. Þá skal vakin athygli á því að á korti því sem veglínur eru dregnar inn á, eru margar villur. Landamerki á röngum stöðum og Norðfjarðará einnig.

Gerðar hafa verið endurteknar tilraunir að hálfu Neskaupstaðar til að veita ánni í átt að Staðarhálsi með gröfu og jarðýtu, jafnvel á veiðitíma.

Og nú leyfir einhver sér að merkja ána sunnan megin. En hver?

Og meira hvað ána varðar má geta þess að mokað er upp úr henni á tveimur stöðum þ.e. innan Hjallahyls og innan Hundhyls undir vernd umhverfisnefndar Fjarðabyggðar. Í frummatsskýrslu er áin sögð breytileg frá ári til árs innan Hundhyls, en er í raun grafin þar niður undir sjávarmál á hverju ári.

Þá skal á það bent að sambærileg leið og 1D getur allt eins verið sunnan ár þar sem eyrar eru margfallt breiðari. Væri þá forðað frá eyðileggingu verðmætu og ósnortnu landi í Staðarhálsi og Svæðum sem Náttúrustofa Austurlands hefur réttilega bent á. Enda yrði sú leið bæði styttri og ódýrari. En eftir stendur þó sú vátta sem stafar frá giljum Hólastrandar.

Eru þá undirritaðir minnugir þess er þeir komu að minnst 100m breiðu snjóflóði úr Sörlagili allt niður í á og olli fjárskaða. Mun hafa verið seint í nóvember 1979.

Þá áteljum við að ekkert tillit er tekið til umsagnar og tillagna Náttúrustofu Austurlands (viðauki IX) sem telur mun meiri náttúruspjöll af vegi sunnan ár en norðan. Og hjálagt er blað úr aðalskipulagi Fjarðabyggðar þar sem undirstrikuð eru fögur fyrirheit.

Í bréfi Fjarðabyggðar til annars undirritaðs þ.e. J.B. dagsett 19.des. er vikið að verklagi Vegagerðarinnar. Fyrir rúmum 2 árum var lagður reiðvegur hér í gegnum landareignina og komu þá 2 menn frá Vegagerðinni til samráðs um þá framkvæmd. Svo skyndilega hefur breyst þeirra verklag, ef það er á annan veg nú.

Undirritaðir telja vafasamt um hæfni Fjarðabyggðar sem aðal upplýsinga og

Efni:

Mótmæli gegn tillögu að aðalskipulagi Fjarðabyggðar er varðar vegalagningu frá væntanlegum Norðfjarðargöngum til Neskaupstaðar.

Venjulegt ferli í slíkum vegaáætlunum eru samningaumleitanir Vegagerðar Ríkisins við viðkomandi landeigendur sem veg er hugsað að leggja hjá.

Í þessu tilfelli hefur engin slík samningaumleitan farið fram og ekki minnst á þessa vegagerð við undirritaðan, sem er einn landeiganda, (og í sumum tilvikum annar landeiganda) utan þess að starfsmaður frá Hönnun á Reyðarfirði kom hér fyrir í haust, sendur af Vegagerð ríkisins til að mæla fyrir vegi á landareigninni. Og varla á alllangri æfi hefur mér verið sýnd meiri lítilsvirðing.

Er ég hafði skoðað uppdráttinn að þessum vegi, það ég manninn fyrir þau skilaboð til forsvarsmanna vegagerðarinnar að um sumt af þessu landi færi aldrei vegur. Samt er þessi sami uppdráttur kominn að tillögu um aðalskipulag. (Einkennilegt samskiptaleyfi sveitafélags og Vegagerðar R.)

Það land sem hér er um að ræða, er Staðarhálsinn og Svæður. Í það land verður aldrei farið með þennan veg, enda hluti af hálsinum þegar skipulagt skógræktarsvæði og þetta umrædda svæði væntanlega næst á þeim vettvangi.

Og engum hefði nú komið til hugar vegagerð þarna nema einstökum Umhverfisböðlum er varðar ósnerta náttúru.

Undirritaður getur samt verið til viðræðu um veg fyrir neðan Hálsbörðin, Ef sú óskynsamlega ákvörðun verður tekin að leggja veg um vásvæði Hólastrandar.

Storvarstað 9. nóv '08
Með bestu kveðjum
Jón Björnsson

P.S. Náttúruvá norðan Norðfjarðarár þar sem umferð hefur verið um árhundruð og sjónlínan til Neskaupstaðar eru brandarar.

J.B.

Til umhverfisstjóra Fjarðabyggðar

Fylgiskjal 19


umsagnaraðila til Vegagerðarinnar , þar sem þeir eiga stærstan hluta lands norðan Norðfjarðarár.

Annar undirritaður þ.e. J.B. býr ca. 25-30 m frá þjóðveginum og telur sig ekki verða fyrir miklum óþægindum af honum, þótt umsagnaraðilinn Fjarðabyggð óttist truflun dómara í dómshúsi hestamanna og veiðimanna í veiðihúsi.(sem aldrei hefur verið til).

Að lokum þetta.Hér hjálagt er kort með leiðréttingu á merkingu Norðfjarðarár. Höfum ekki tæki til leiðréttingar á landamerkjalinum sem eru mjög rangt dregnar, og fróðlegt væri að fá upplýst hver ber ábyrgð á þeim ósköpum og gæti stafað mest af vöntun á samráði.Ekki fleira að sinni.

Virðingarfyllt

Skorrastað 19. Janúar 2009


Jón Bjarnason


Guðmundur Birkir Jónsson

Eigendur Skorrastaðar 1 í Norðfirði

Til Skipulagsstofnunar
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Vöruflutningar

Hafnarástaða í Fjarðabyggð er víðast hvar með ágætum, sem auk nálægðar við Evrópu og legu landsins í miðju Atlantshafi gerir Fjarðabyggðarhafnir að vænlegum kosti fyrir flutninga á ferskum fiski og fiskatúrum og almennan inn- og útlutning.

Meginaðstaða sjóflutninga hefur verið á Eskifirði og Reyðarfirði, en mun flýgjast á Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði, sem verður meginflutningahöfn á Austurlandi. Auk uppbyggingar á hafnarsvæðinu sjálfu við Mjóeyri er uppbygging og endurnýjun vegakerfis og tryggar og góðar landsamgöngur frá höfninni um Fjarðabyggð og áfram eftir þjóðvegakerfi landsins mikilvæg forsenda fyrir rekstri og vexti Mjóeyrarhafnar.

Nokkuð hefur verið rætt um hugsanlega möguleika á stórrí umskipunarhöfn hér á landi ef siglingaleið opnast um Norður-Íshafið fyrir alþjóðlega sjóflutninga á milli Norður-Atlantshafs og Kyrrahafs. Staðarval umskipunarhafna ræðst auk legu gagnrætt fjölförnum flutningaleiðum einnig af dýpt og vidd hafnar, aðsiglingu, afkastagetu, skjóli fyrir sjógangi og vindi, landrymi fyrir gámarvöll ásamt möguleika á stækkum svæðis og nýjum viðleguköntum til að mæta flutningsaukningu í framtíðinni. Aðgangur að þjónustu, vinnuafli, raforku og vatni skiptir líka máli, sem og eldsneyti, en góð ollubirgðastöð er ein af grunnforsendum. Nálægð við alþjóðaflugvöll er einnig mikilvæg. Hafnir í djúpum fjörðum Austurlands, í Eyjafirði og Hvalfirði eru taldar uppfylla mörg þessi skilyrði og Ísland er talið standa vel að vígi í samanburði við aðra staðsetningarkosti fyrir umskipun á Norður-Atlantshafi. Ástaða er til að skoða hvort sóknarfæri liggja í því fyrir

5.4 Landbúnaður

5.4.1 Stefna - landbúnaður

Möguleikar til áframhaldandi búskapar og matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu verði tryggðir með varðveislu góðs landbúnaðarlands.

Settar verði reglur um beitarhólf og beitarfríðun út frá nýtingarþoli náttúrunnar.

Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarminja einsokostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla.

5.4.2 Framtylgd stefnu

Stefna landbúnaðar er útfærð í landnotkunarákvæðum 9. kafla landbúnaðarsvæði (sjá kafla 9.1.13), en jafnframt gilda eftirfarandi reglur um veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa á landbúnaðarsvæðum:

Almennt skulu byggingar- og framkvæmdaleyfi til húsbýgginga og annarrar mannvirkjagerðar á landbúnaðarsvæðum veitt á grundvelli deiliskipulags. Í deiliskipulagi á landbúnaðarsvæðum (eða í framkvæmdaleyfisgöngum, ef framkvæmdir kalla ekki á gerð deiliskipulags) skal koma fram hvort innan skipulags-/framkvæmdasvæðis eru fornleifar, aflegðir urðunarstöðir eða jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta vermdar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Ný byggð og önnur mannvirki á landbúnaðarsvæðum skulu staðsett og hönnuð þannig að þau falli vel að landslagi og þeirri byggð sem fyrir er.

Lestast skal við að nýta fyrirliggjandi vegi og veggtingar

ATH


Fylgiskjal 19 Leið 1C/1D/1E



- birkiþjarr
- fornleifar
- veiðistaðir
- núverandi vegir
- reiðleiðir
- gönguleiðir
- Raflinur
- Símalagnir ljósl /parstr
- Vatnslagnir heitt / kalt

VEGAGERDIN	
MELKV.	Hannað
1:5.000	Teikn.
	Yfirf.
	Samb.

Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng	92
Grunnmynd fyrirhugað framkvæmdasvæði	6/7
	Teikning 6



Landmælingar: Vegagerðin
 Hnitakerfi: ISN93
 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
 Loftmyndataka og myndmælingar:
 Loftmyndir ehf 1998 og 2006
 Flughæð 3500 m
 Kartlagar: Vegagerðin nív. 2007

	skering		vottlendi
	fylling		námur
	vegbrún		náttúruminjaskrá
	miðlína		



			VEGAGERDIN Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng	92	
				Grunnmynd fyrirhugað framkvæmdosvæði	7/7
					Teikning 6
M.E.L.K.V. 1:5.000 Hannóð Teikn. Yfirf. Samp.					